

Elstu börnin í leikskólum Akureyrarbæjar læra um Barnasáttmálann og vinna verkefni tengdu því !

Réttindi – Barnasáttmálinn

Barnasáttmálinn eða Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins var samþykktur á alsherjarþingi þjóðanna árið 1989. Sameinuðu þjóðirnar eru alþjóðarsamtök sem 193 þjóðir eiga aðild að. Þau voru stofnuð 1945 en markmið þeirra er að stuðla að öryggi, viðhalda friði og efla alþjóðlegt samstarf. Barnasáttmálinn markaði tímamót í baráttunni fyrir réttindum barna, þar sem sáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Sáttmálinn hefur að geyma ýmis grundvallarréttindi og tryggir öllum börnum upp að 18 ára aldri sérstaka vernd og umönnun. Sömuleiðis endurspeglar sáttmálinn nýja sýn á hlutverk og stöðu barna og tekur fram að öll börn eigi rétt á því að vera fullgildir þátttakendur í samfélaginu. Samningurinn var gerður fullgildur á Íslandi 1992 og síðar lögfestur 2013. Það gefur sáttmálanum lagalegt gildi (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013).

Í Barnasáttmálanum er að finna reglur, sem fjalla um hvernig fullorðið fólk á að hugsa um börn svo að þeim líði vel. Þessar reglur eru kallaðar réttindi.

Til dæmis eiga öll börn rétt á

- að einhver fullorðinn hugsi um þau,
- að fá að fara til læknis þegar þau eru veik,
- að fá að vera í skóla og læra nýja hluti.

Öll börn eiga rétt á að að segja hvað þeim finnst og leika sér og hafa gaman. Fullorðnir eiga að passa að börn séu ekki meidd eða illa komið fram við þau af öðrum börnum eða fullorðnu fólki. Það er fullorðna fólkið sem á að passa upp á að börn fái réttindin sín uppfyllt.

Leiðtogar í löndum Sameinuðu þjóðanna samþykktu réttindin og eiga að gera allt sem þeir geta til að börn hafi allt sem þau þurfa og hafi það gott. Þeir fullorðnu sem ákveða hluti á Íslandi hafa allir lofað að gera sitt besta til að sjá til þess að öll börn fái að njóta réttinda sinna. Það er einnig mikilvægt að öll börn viti um réttindin sín svo að þau geti sagt frá ef það er komið illa fram við þau eða eitthvað annað barn sem þau þekkja.

Upplýsingar um verkefni.

Þetta verkefnið snýst um að segja barnahópnum frá Barnasáttmálanum með sérstakri áherslu á 12.grein **Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif**. Þegar að verkefninu kemur getur þú notað upplýsingar hér eða af netsíðunni <http://www.barnasattmalinn.is/>.

(Munið eftir endurtekningum og að tala tungumáli ykkar barnahóps.)

Akureyrarbær er að innleiða vinnu tengda Barnasáttmálanum (fyrsta sveitarfélagið sem ákvað að vinna heildstætt að innleiðingu Barnasáttmálans).

Fyrstu verkefnin sem óskað er eftir að unnin verði í leikskólum bæjarins tengist réttindum barna og líðan þeirra. Um er að ræða annars vegar stutt hópverkefni og hins vegar einstaklingsverkefni fyrir 5 ára nemendur leikskóla.

Helga María Þórarinsdóttir og Ingi Jóhann Friðjónsson kennarar á Lundarseli, svo og Sesselja Sigurðardóttir leikskólaráðgjafi tóku að sér að móta og undirbúa verkefnið. Í aprílmánuði 2018 verður sýning með afrakstri verkefnisins í Ráðhúsi Akureyrarbæjar.

Verkefnunum skal skilað til:

Sesselju sesselja@akureyri.is vs: 460-1453 eða Helgu Maríu helgamaria@akmennt.is vs: 462-5883 fyrir 30. mars 2018. Takk fyrir þátttökuna

Markmið með verkefnunum í leikskólum Akureyrarbæjar:


- Að kynna réttindin í Barnasáttmálanum.
- Að tengja saman líðan barna og réttindi barna.
- Að skapa umræðu.
- Fullorðna fólkið velti fyrir sér upplifun barnanna.

Undirbúningur og efni:

- Fyrir hópverkefnið: Kennarar kynna sér Barnasáttmálan <http://www.barnasattmalinn.is/> og meðfylgjandi verkefni.
- Fyrir einstaklingsverkefnið: Undirbúa þarf verkefnið með að taka myndir af viðkomandi svæðum innan skólans og setja inn í skjalið, prenta út. Ákveða hvort skal nota tilfinningartákn eða bjóða börnunum að teikna líðan.
- Kennarar skapa gott næði til kynningar á verkefninu og síðan til einstaklingsverkefnisins.
- Kennarar ákveða hvort þeir taka samræðuna upp eða skrifi hana jafnóðum niður.
- Eins ákveða kennarar hvort barnahópurinn teikni eða máli mynd tengda efninu.

(Ef þið veljið að taka upp samræður barnanna, bæði í einstaklingsverkefninu og hópverkefninu og hafið ekki tíma til að koma því í tölvutækt form, þá er sjálfsagt mál að leita til Sesselju leikskólaráðgjafa um að skrá umræðurnar)

Tilfinningartákn: Hægt að fjölfalda og klippa táknin út.



Hópverkefni

★ 12.grein Barnasáttmálans:

Réttur (allra barna) til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif.

Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til að skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.

Lýstu fyrir börnunum að réttindi fjalli um það sem börn þurfa til að þeim geti líðið vel og verið glöð. Réttindi er eitthvað sem barn þarf og á rétt á til þroskast/stækka. Til dæmis að fá að borða, einhver sem hugsar um þau, að fá að leika, vera vernduð fyrir ofbeldi eða slæmri framkomu og svo framvegis. Útskýrið fyrir barnahópnum að þau eigi rétt á þessu öllu og að þeir fullorðnu sem ákveði hluti á Íslandi eiga að sjá til þess að öll börn fái að njóta réttinda sinna. Sem dæmi um réttindi sem öll börn eiga að njóta er fæði og klæði, menntun, heilsuvernd, hvíld, leikir og skemmtanir sem hæfa aldri þeirra og þroska og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum. Börn eiga hins vegar ekki rétt á að njóta ákveðinna forréttinda eins og til dæmis að fá alltaf uppáhaldsmatinn sinn eða sælgæti, að eiga sérstök leikföng, æfa tilteknar íþróttir eða að gagna í tónlistaskóla (það eru forréttindi). En öll börn eiga að njóta sömu réttinda, óháð því hvernig þau eru, við hvaða aðstæður þau búa eða hvar þau búa í heiminum.

Sjá meðfylgjandi slóðir um Sáttmálann í myndrænu - og tölvutæku formi.

http://www.barnasattmalinn.is/verkefnifyriryngriborn/1_rettindiogforrettindi.html

http://www.barnasattmalinn.is/verkefnifyriryngriborn/2_barnasattmalinn.html

Þegar kynningu eða kennslu um Barnasáttmálan og 12. grein er lokið getur verið gott að hafa hópumræðu í svona 5-10 mínútur / **upphitunar spurningar**.

Láttu þá orðið ganga og spurðu hvert og eitt barn einhverra af eftirfarandi spurningum:

Hvað ákveður þú sjálf/ur?

Hvað ákveður sá fullorðni fyrir þig?

Hvar líður þér vel?

Hvar hefur þú það gott og gaman?

Gott að taka upp umræðuna ☺

Einstaklingsverkefni 1.

Látið eitt og eitt barn svara eftirfarandi spurningum:

Hverju ræður þú í samverustund?

Mynd úr þínum leikskóla hér



Hverju ræður þú í útiveru?

Mynd úr þínum leikskóla hér



Hverju ræður þú í hópastarfi?

Mynd úr þínum leikskóla hér



Hverju ræður þú í leiktíma/frjálsum leik / leikstund /leika?

Mynd úr þínum leikskóla hér



Hverju ræður þú í söngstund?

Mynd úr þínum leikskóla hér




Hverju ræður þú annars staðar?

Einstaklingsverkefni 2.

Látið börnin leysa sjálf! Notið tilfinningartáknin eða bjóða börnunum að teikna líðan sína.



Líður vel
gláður/glöð
gaman
gott



Bara!
allt í lagi



Líður illa
leiður/
leiðinlegt
slæmt

Hvernig líður þér í samverustund? <i>mynd</i>			
Hvernig líður þér í útiveru? <i>mynd</i>			
Hvernig líður þér í hópastarfi? <i>mynd</i>			
Hvernig líður þér í leiktíma/frjálsum leik /leikstund/leika? <i>mynd</i>			
Hvernig líður þér í söngstund? <i>mynd</i>			

Áframhaldandi ígrundun fyrir kennara:

- Er leikskólinn að fara eftir 12. grein?

Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif

Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.

Að lokum:

Ef kennarar hafa hugmyndir að einfaldari og skilvirkari vinnubrögðum varðandi verkefnið væri mjög gott að senda okkur línu.

Gangi ykkur vel

Alfa, Ingi, Helga og Sesselja.